

Nd.

178. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig, að c-liður 2 orðist svo sem hér segir: Af einkabifreiðum greiðist árlega 100 kr. — eitt hundrað króna — fast gjald af hverri bifreið, og auk þess 30 kr. í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg. af þunga þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar sem ríkið nú vantar tekjur til nauðsynlegra framkvæmda, þykir rétt að hækka allverulega skatt á einkabifreiðum og afla þannig tekna í ríkissjóð. Það er sýnilegt, að réttlátara er að láta þá, sem efni hafa á að eiga einkabifreiðar, greiða fyrir það nokkurn skatt, en að þyngja tolla á nauðsynjavörum þess almennings, sem engar einkabifreiðar á.

Yrðu þessi lög til þess, að nokkrir af núverandi eigendum einkabifreiða förguðu þeim, þá myndi það hinsvegar þýða raunverulegan gjaldeyrissparnað og lögin samt verða að nokkru gagni, þó tekjur ríkisins af slíkum bifreiðum hyrfu.

Tekjur af þessum lögum eru lauslega áætlaðar um 100000 kr.